

Ritnefnd Íslenska bútaumsfélagsins 2010-2011

Margrét Óskarsdóttir, ritstjóri

margretoskars@simnet.is



Margrét er hreinræktaður Rangæingur að uppruna, en hefur búið á Reykjavíkursvæðinu síðan 1983. Hefur alla tíð haft gaman af hannyrðum og hannaði m.a. peysur fyrir Lopa og band og prjónaði „prótótypur“ fyrir Ístex á tímabili. Lærði að vefa hjá Heimilisiðnaðarfélaginu (HÍ) og ætlar að einbeita sér að því á næstunni ásamt bútaumnum. Hefur sótt mörg námskeið hjá HÍ m.a. í þjóðbúningasaumi þar sem hún saumað sér peysuföt og möttul. Kynntist bútaumi í gegnum vinkonu sína og þá varð ekki aftur snúið. Hefur mestan áhuga í dag á óhefðbundnum bútaumi. Margrét þarf alltaf að vera með nokkur verkefni í gangi af ólíkri gerð s.s. bútaum, prjón, vefnað og saumaskap.

Þórunn Drífa Oddsdóttir

thdrifa@gmail.com



Þórunn er fædd og uppalin á Akranesi, en hefur búið í Steingrímsstöð við Úlfjótssvatn síðan 1981. Ólst upp við allskonar handverk sem hefur verið áhugamál alla tíð hjá henni. Hún hefur saumað og prjónað á börn sín og barnabörn og stutt við fjáröflunarstarf hjá mörgum félögum með handverki.

Bútaumur hefur alltaf blundað í henni, hefur ekki sótt nein námskeið en hefur þeim mun meira lært af bókum og blöðum. Applikeraði fyrsta barnateppið um 1975 og hefur verið í bútaumklúbbi síðan um 2000.

Vinnur sem matráðskona hjá Landsvirkjun í Sogsstöðvum.

Anna Margrét Árnadóttir, auglýsingar

annam_arnad@hotmail.com

s: 861 4144



Anna Margrét er úr Hlíðunum í Reykjavík. Hún lærði fyrst bútaum árið 1986 hjá Sigurbjörgu Júlíusdóttur bútalistakonu. Hún hefur sótt saumahelgar hjá Bót og Quiltbúðinni og námskeið og fræðslu víða, m.a. hjá bútalistakonunum Guðrúnu Erlu Gísladóttur, Margréti Árnadóttur, Kolbrúnu Bunch, Mary Fogg og Sigurbjörgu Júlíusdóttur. Hennar uppáhald um þessar mundir er að sauma smáhluti og hlusta á hljóðbækur sem hún sækir sér á Borgarbókasafnið.